

Starfsreglur stjórnar Neytendasamtakanna

1. gr.

Skipan stjórnar

Stjórn Neytendasamtakanna er skipuð 13 mönnum, þ.e. tólf stjórnarmönnum og formanni samtakanna.

2. gr.

Skipting starfa innan stjórnar

Í upphafi hvers kjörtímabils skal stjórn kjósa stjórnarmenn sem sinna störfum varaformanns, gjaldkera og ritara stjórnar. Öllum stjórnarmönnum er frjálst að bjóða sig fram í þau störf og ræðst atkvæðagreiðsla á því hver fær flest atkvæði.

3. gr.

Hlutverk stjórnar

Stjórn Neytendasamtakanna er æðsta vald í málefnum samtakanna milli þinga og ber ábyrgð á starfsemi samtakanna í samræmi við lög þeirra. Stjórn tekur ákvarðanir í málum sem snerta rekstur samtakanna og skipulag starfseminnar, fylgir eftir stefnumótun þings samtakanna og tekur afstöðu til stefnumarkandi mála sem samtökunum berast.

Stjórn annast ráðningu framkvæmdastjóra samtakanna og heyrir framkvæmdastjóri beint undir stjórn samtakanna.

Stjórn skal á hverju ári samþykkja rekstraráætlun eftir tillögu framkvæmdastjóra. Allar skuldbindingar sem eru til þess fallnar að hafa áhrif á rekstrarhæfi samtakanna og ekki er gert ráð fyrir í rekstraráætlun þarf stjórn að samþykkja.

4. gr.

Fundir stjórnar

Á fundum stjórnar skal formaður leggja til þau mál og þau gögn sem þarf að fjalla um á fundinum. Fyrir hvern fund skal formaður, með rafrænum hætti, senda stjórn fundarboð með dagskrá fundarins og öll fundargögn skulu fylgja með fundarboði, nema ómögulegt sé að senda slík gögn samhliða fundarboði eða ef um trúnaðargögn er að ræða.

Stjórnarmönnum er jafnframt heimilt að fara fram á það fyrir hvern fund stjórnar að tiltekin atriði skuli rædd.

Á fundum stjórnar skal framkvæmdastjóri tilkynna stjórn um fjárhagsstöðu samtakanna auk þess sem fjárhagsstaðan skal borin saman við rekstraráætlun. Mánaðarlega skal

framkvæmdastjóri senda stjórn á rafrænan hátt yfirlit yfir stöðu bankareikninga, yfirlit yfir útistandandi kröfur næstu 30 daga og yfirlit viðskiptakrafna til greiðslu næstu 30 daga.

Fundargerð skal haldin um fundi stjórnar þar sem ákvörðunartökur eru rekjanlegar. Birta skal fundargerð á vefsíðu samtakanna, þó skal ekki birta upplýsingar um þau mál sem trúnaðar þarf að ríkja um. Bóka skal trúnaðarmál sérstaklega utan fundagerðar.

Á stjórnarfundum skal formaður leggja áherslu á að leggja fram mál án þess að stjórna útkomunni.

Ef mikið liggur við sem kallar á skjótar ákvarðanir er stjórn heimilt að afgreiða mál með rafrænum hætti sé það nauðsynlegt vegna eðli málsins enda liggi allar nauðsynlegar upplýsingar máls fyrir svo hægt sé að taka skynsamlega ákvörðun.

5. gr.

Ábyrgð stjórnar

Stjórn Neytendasamtakanna ber ábyrgð á rekstri og starfsemi samtakanna í samræmi við lög þeirra. Stjórnarmenn eru ábyrgir fyrir því að góðir stjórnarhættir séu viðhafðir og skulu hafa eftirlit með því að samtökin geti staðið við skuldbindingar sínar.

6. gr.

Starfsskyldur

Stjórnarmenn skulu gegna störfum sínum af alúð og samviseksemi og fara eftir siðareglum stjórnar samtakanna.

7. gr.

Boðun funda o.fl.

Formaður boðar stjórnarfundum með rafrænum hætti með minnst þriggja daga fyrirvara, nema brýn nauðsyn beri til að boða fund með skemmri fyrirvara. Þegar svo ber undir skal formaður sýna fram á að

Ef stjórnarmaður sér sérstaka ástæðu til þess að halda stjórnarfund vegna tiltekins máls getur hann krafist þess og verður sá fundur að fara fram innan tveggja vikna frá því að krafan barst.

8. gr.

Hæfi stjórnarmanna og möguleg hagsmunatengsl

Um almennt hæfi stjórnarmanna til meðferðar einstakra mála fer samkvæmt almennum hæfisreglum stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og skal sá sem er vanhæfur ekki taka þátt í meðferð máls eða undirbúningi þess. Stjórnarmenn gæta sjálfir að hæfi sínu og skuldbinda sig til þess

að gera formanni samtakanna viðvart ef þeir telja sig ekki hæfa til meðferðar máls. Stjórn er heimilt að meta hæfi viðkomandi stjórnarmanns ef vafi er um það hvort viðkomandi sé hæfur eður ei.

Stjórnarmaður skal ekki taka ákvörðun sem varðar aðila tengda honum og hafi viðkomandi stjórnarmaður ekki talið sig vanhæfan til meðferðar slíks máls skal hann þó gera stjórn grein fyrir tengslum sínum og mun stjórn þá meta hæfi hans.

Formaður samtakanna, ritari stjórnar og gjaldkeri stjórnar skulu vera lögráða og mega ekki á síðustu þremur árum hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um fjármálafyrirtæki, lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um bókhald, lögum um ársreikninga, lögum um gjaldprotaskipti eða lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.

9. gr.

Þagnar- og trúnaðarskylda

Stjórnarmönnum ber að gæta þagnarskyldu um það sem þeir kunna að verða áskynja í störfum sínum og leynt á að fara. Stjórnarmenn skulu undirrita yfirlýsingu um trúnaðarskyldu þegar þeir taka sæti í stjórn samtakanna.

10. gr.

Meðferð persónuupplýsinga

Þegar unnið er með persónulegar upplýsingar eða upplýsingar sem eru til þess fallnar að geta verið persónugreinanlegar, þ.e. upplýsingar sem rekja má beint eða óbeint til ákveðins einstaklings, skal farið með slíkt samkvæmt lögum um persónuvernd nr. 77/2000.

Þegar ekki lengur er málefnaleg ástæða til þess að varðveita slík gögn, t.a.m. með vísan til laga um persónuvernd, skal þeim eytt.

11. gr.

Lánveitingar

Allar lánveitingar til stjórnarmanna, starfsmanna eða annarra aðila eru óheimilar.

12. gr.

Fjölmiðlar og ábyrgð út á við

Formaður samtakanna kemur fram fyrir hönd samtakanna á opinberum vettvangi, t.a.m. í samskiptum við fjölmiðla.

Stjórnarmönnum, öðrum en formanni samtakanna, er þó heimilt að koma fram fyrir

hönd samtakanna á opinberum vettvangi með samþykki formanns, enda er það metið svo að viðkomandi stjórnarmaður sé betur til þess fallinn að fjalla um tiltekið málefni.

Gildistaka

Reglur þessar taka strax gildi.

Reykjavík, 24. apríl 2017.

Undirritun og samþykki stjórnar:

Ólafur Arnarson, formaður.

Ása St. Atladóttir

Björn Þór Karlsson

Dominique Plédel Jónsson

Fríða Vala Ásbjörnsdóttir

Guðni Gunnarsson

Gunnar Alexander Ólafsson

Katrín Þorvaldsdóttir

Ragnar Unnarsson

Sigurður Másson

Stefán Hrafn Jónsson

Stella Hrönn Jóhanssdóttir

Þórey S. Þórisdóttir